



Innan Samorku starfa fráveitur, hitaveitur,
vatnsveitur, raforkuframleiðendur og flutnings-
og dreifingaraðilar raforku

Alþingi
Erindi nr. P 143/357
komudagur 25.11.2013

Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

25. nóvember 2013

Umsögn um skýrslu ráðgjafarhóps um raforkustreng til Evrópu, 59. mál.

Í formála iðnaðar- og viðskiptaráðherra að þingskjalinu kemur fram að ráðherra telji brýnt að Alþingi taki skýrslu ráðgjafarhópsins til umræðu og skoði þetta mikilvæga mál frá mörgum ólíkum sjónarhornum. Að lokinni þeirri umræðu ákvarði stjórnvöld næstu skref í málinu.

Samorka tekur undir mikilvægi þess að þetta mál hljóti vandaða umfjöllun. Slíkur strengur gæti haft í för með sér gríðarleg tækifæri til sölu á raforku á mun hærri verðum en nú þekkjast hérlendis. Ýmsum mikilvægum spurningum er þó ósvarað í þessu sambandi en á dögnum gaf Samorka út sérstakt stöðuskjal um málið og er það meðfylgjandi sem fylgiskjal með þessari umsögn. Í skjalinu er fjallað um þau tækifæri sem í slíkri framkvæmd gætu falist og reynt að setja fram svör við ýmsum algengum spurningum í þessu sambandi. Frá því að stöðuskjal Samorku var ritað hafa þó komið fram enn frekari vísbendingar um áhuga meðal breskra stjórnvalda og alþjóðlegra fjárfesta á þátttöku í slíku verkefni, og vísast þar einkum til fundar Bresk-íslenska verslunarráðsins í húsakynnum Bloomberg í London 1. nóvember sl.

Að mati Samorku er mikilvægt að áfram verði unnið að könnun á ágæti þessa verkefnis og málið tekið á næsta stig. Um þessar mundir virðist upplagt tækifæri til að kanna með formlegum hætti hversu langt bresk stjórnvöld – eða hugsanlega aðrir mögulegir kaupendur – eru tilbúin að ganga í að tryggja hagstætt lágmarksverð fyrir raforku sem flutt yrði héðan um strenginn. Áhyggjur af hugsanlegum orkuskorti og sterkri stöðu tiltekinna aðila á orkumarkaði eru áberandi í breskri þjóðmálaumræðu. Í framhaldinu yrði hægt að kanna möguleika varðandi aðkomu fjárfesta að verkefninu.

Loks er mikilvægt að áfram fari fram upplýst umræða um málið hérlendis og um hugsanlegar lausnir á þeim viðfangsefnum sem slík framkvæmd gæti haft í för með sér, svo sem áhrifum á orkuverð hérlendis o.fl. Framkvæmd af þessari stærðargráðu er auðvitað háð því að um hana skapist nokkuð breið samstaða í íslensku þjóðfélagi.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
framkvæmdastjóri

Fylgiskjal: *Sæstrengur - stöðuskjal, Samorka, 10. október 2013*

10. október 2013

Sæstrengur - stöðuskjal

Lagning sæstrengs til Evrópu hefur lengi verið til skoðunar og umræðu á Íslandi. Ljóst er að slíkur strengur hefði í för með sér tækifæri til sölu á raforku á mun hærra verðum en nú þekkjast héraendis, en ýmis tæknileg atriði, fjármögnun o.fl. myndu þó ávallt hafa áhrif á þá mynd. Þá vakna spurningar um æskilegt eignarhald á slíkum streng, fjármögnun, áhrif á raforkuverð héraendis, áhrif á uppbyggingu virkjana, flutningslína og annars atvinnulífs hér á landi o.s.frv. Í júní 2013 skilaði ráðgjafarhópur skýrslu til iðnaðar- og viðskiptaráðherra, en hópnun hafði verið falið að kanna nánar þann möguleika að leggja sæstreng á milli Íslands og annarra markaða í Evrópu. Hópurinn leitaði ráðgjafar á ýmsum sviðum, m.a. hjá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

Áhugi í Bretlandi

Bresk stjórnvöld hafa sýnt slíkri tengingu verulegan áhuga, en þeim er líkt og fleiri Evrópuríkjum mikið verkefni á höndum við að auka hlut endurnýjanlegra orkugjafa í sínu raforkukerfi sem vinna gegn mengun andrúmsloftsins, sem og að fjölga orkuöflunarkostum og draga þannig úr sterkri stöðu rússneskra olíu- og gasframleiðenda á evrópskum orkumarkaði. Tveir breskir ráðherrar hafa á undanförunum misserum heimsótt Ísland til að kynna sé tækifæri á þessu sviði og óformleg samskipti hafa farið fram á ýmsum sviðum. Bresk stjórnvöld geta gert sérstaka samninga þar sem þau tryggja ákveðin orkukaup á ákveðnum lágmarksverðum, samninga til 25 ára (Contracts for Differences, þeir byggja á undanþágum frá Evrópureglum fyrir lengri samninga um aukinn hlut grænnar orku og bætt orkuöryggi). Slíkur samningur, þar sem kveðið yrði á um hagstætt lágmarksverð, gæti reynst mikilvæg forsenda fyrir fjármögnun og lagningu sæstrengs milli Íslands og Skotlands.

Gríðarleg tækifæri að mati Hagfræðistofnunar

Í úttekt Hagfræðistofnunar er gert ráð fyrir 700-900 MW streng til Bretlands þar sem heildarkostnaður yrði á bilinu 288-553 milljarðar króna. Að gefnum mismunandi forsendum um raforkuverð í Bretlandi o.fl. er niðurstaða Hagfræðistofnunar sú að sala á raforku um sæstreng til Bretlands gæti haft í för með sér verulegan ávinning fyrir íslensk raforkufyrirtæki, en áætlaðar nettó útflutningstekjur væru á bilinu 4-76 milljarðar króna árlega. Þetta er vissulega breytt bil, enda ennþá mikil óvissa um ýmsar forsendur, en ljóst er að þarna gætu falist gríðarleg tækifæri fyrir íslenskt hagkerfi enda var það samhljóma niðurstaða ráðgjafarhópsins að haldið verði áfram að kortleggja alla þætti verkefnisins hér innanlands um leið og leitað verði svara um möguleg rekstrar- og eignarhaldsmódel hjá viðsemjendum í Bretlandi.

Ýmsum spurningum enn ósvarað

Tækifærin eru því bersýnilega mikil en sem fyrr segir er vissulega ýmsum mikilvægum spurningum enn ósvarað í þessu sambandi. Hér á eftir verða nokkrar algengar spurningar settar fram, og leitast við að setja fram svör við þeim.

Hver ætti að eiga sæstrenginn, og fjármagna hann?

Ýmsar leiðir koma til greina þarna. Í Noregi eru slíkir strengir til annarra Evrópuríkja eingöngu í eigu Statnetts, norska flutningsfyrirtækisins, og hluti af þeirra almenna rekstri. Héraendis yrði væntanlega farin önnur leið, a.m.k. myndi fjármögnun slíks

strengs væntanlega verða sjálfstæð að einhverju marki og byggð á grunni samnings um kaup Breta á raforku til lengri tíma. Strengurinn gæti þannig t.d. orðið sjálfstætt hlutafélag í eigu íslenskra eða erlendra aðila, en í öllu falli yrði fjármögnun hans væntanlega byggð á fyrrnefndum orkusölusamningi en ekki með ábyrgð íslenska ríkisins. Í raun myndi eigandinn einfaldlega lána breska ríkinu fjármagnið fyrir lagningu strengsins, miðað við fyrrnefnda forsendu um orkusölusamning við breska ríkið. Hagstætt samkomulag um skiptingu tekna af raforkusölunni – yrði hann í eigu einkaaðila – yrði auðvitað forsenda slíkrar framkvæmdar af Íslands hálfu.

Hver yrðu áhrifin á almennt raforkuverð á Íslandi?

Augljóslega myndu íslensk orkufyrirtæki öðlast þarna tækifæri til að selja sína orku á mun hærra verðum og því væntanlega myndast hér nokkur þrýstingur eftir að sæstrengur hefur verið tekinn í notkun til hækunar á raforkuverði, sem almennt er hér með hagstæðasta móti í Evrópu í dag. Þess ber þó að gæta að flutningsgeta strengsins yrði takmörkuð og því ekki hægt að selja nema hluta orkunnar þessa leið. Þá hefði orkusalan um sæstreng væntanlega í för með sér gríðarlegan tekjuauka fyrir íslensk orkufyrirtæki, sem flest eru í opinberri eigu. Arðgreiðslur til eigenda þeirra myndu því skapa forsendur fyrir mótvægisáðgerðum á borð við lækkun virðisaukaskatts á raforkukaup. Í þessu sambandi má einnig minna á að fiskur er í raun seldur á heimsmarkaðsverði í verslunum hérlendis, þótt sjávarauðlindin sé í sameign þjóðarinnar. Þá má geta um öryggisþáttinn, t.d. ef virkjanirnar á Suðurlandi yrðu fyrir skakkaföllum af völdum jarðskjálfta eða eldgosa, þá gæti komið sér vel að hafa möguleika á orkuflutningi til landsins. Loks gætu skapast tækifæri, með hækkuðu raforkuverði, fyrir marga bændur og aðra landeigendur til að reisa smávirkjanir og selja orku inn á almenna dreifikerfið.¹

Hver yrðu áhrifin á raforkuframboð til stóriðju?

Stóriðjufyrirtækin hérlendis hafa öll gert langtímasamninga um orkukaup þannig að til skamms tíma yrðu áhrifin engin. Til lengri tíma myndu slík fyrirtæki væntanlega þurfa að greiða hærra verð fyrir nýja samninga þar sem orkufyrirtækjunum byðist hagkvæmari kostur en núverandi orkusölusamningar fela í sér, þ.e. samningsstaða orkufyrirtækja myndi styrkjast. Hér myndi myndast einhvers konar jafnvægi vegna þess að flutningsgeta sæstrengsins er þrátt fyrir allt takmörkuð en virkjanakostir margir. Að síðustu er óvíst að sæstrengur hefði eins mikil áhrif og talið er þar sem ein jákvæðustu áhrif af slíkum streng yrði mun betri nýting á núverandi raforkukerfi, líkt og fjallað er um hér að neðan.

Myndi þurfa að reisa stórar virkanir til að afla orku til sölu um sæstreng?

Ein jákvæðustu áhrif af slíkum sæstreng yrði bætt nýting íslenska raforkukerfisins, þar sem nú er mikil innbyggð þörf á umframafli í einangruðu kerfi með nokkra afar stóra og rekstrarlega viðkvæma viðskiptavinum. Væntanlega myndi slíkur strengur þó kalla á eitthvað viðbótarframboð af orku, sem og að auka þrýsting á virkjunarkosti sem af kostnaðarsjónarmiðum hafa verið taldir óhagkvæmir, í ljósi hærri orkuverða.

¹ Raforkukostnað garðyrkjubænda hefur m.a. borið á góma í þessari umræðu, en greinin kaupir nú um 0,3% af allri raforku sem framleidd er hérlendis. Áhrifin yrðu þau sömu og á allt annað atvinnulíf. Þess ber þó að gæta að staða garðyrkubænda er mjög sérstök í íslensku raforkukerfi þar sem ríkissjóður niðurgreiðir flutnings- og dreifikostnað þeirra um 95%. Garðyrkjubændur eru því eina atvinnugreinin á Íslandi sem nýtur niðurgreidds raforkukostnaðar, sem nemur um 40-50% af þeirra heildaraforkukostnaði. Samkeppnisstaða þeirra er því án efa afar sterk, ef horft er til raforkuverðs.

Felur slíkur strengur í sér útflutning á „hráefni“ í stað fullunninnar vöru?

Eftirspurn eftir orku á Íslandi er fyrst og fremst „baseload“, þ.e. örugg afhending á sama magni orku allan sólarhringinn allan ársins hring. Mög lítil eftirspurn er eftir ótryggri/breytilegri orku eins og árlegt yfirfall í vatnsaflsvirkjunum sýnir. Þetta hindrar t.d. fjárfestingu í ótryggari rennslisvirkjunum sem eru án uppistöðulóna. Sæstrengur myndi skapa markað á Íslandi fyrir þessa orkukosti.

Af sama toga er eftirspurn eftir stýranlegri orku sem er ekki til staðar á Íslandi í neinum mæli. Erlendis er vaxandi þörf fyrir orkuvinnslu sem hægt er að stýra nákvæmlega og með stuttum fyrirvara. Veldur hér helst aukin notkun vindorku í Evrópu og Bretlandi sem „baseload“ orkuvinnsla á borð við kol, gas og kjarnorku getur ekki jafnað út. Sæstrengur veitir því tækifæri til þess að breyta úr „baseload“ keyrslu í vatnsorkuvirkjunum Íslands yfir í verðmætari stýranlega orku.

Þessi tvö dæmi sýna að „hráefnið“ verður ekki unnið í „fullunna“ vöru á Íslandi með öðrum hætti en með tilkomu sæstrengs.

Þar sem virkjanakostir á Íslandi eru mun meiri en sæstrengur getur borið af rafmagni verður að álykta að „hráefnis“-framboð til iðnaðar verði áfram mikið. Í þeim tilfellum þar sem iðnaðarframleiðslustarfsemi verður ekki lengur arðbær hérlendis með hærri orkuverðum munu á móti koma auknar tekjur af raforkusölu bæði til orkufyrirtækja og til ríkisins, tekjur sem ráðstafa mætti með ýmsum hætti.